

Mánudaginn 6. nóvember 1989.

Nr. 34/1988. **Tenhults Grusmaskiner AB**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Þrotabúi Tækjasögunnar hf.

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Sértökuréttur. Eignarréttarfyrrvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson próffessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1988 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 26. s.m. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að sér verði greiddar beint og utan skipta og skuldaraðar 600.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí s.á., en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að sér verði greidd sama upphæð með sömu vöxtum sem forgangskrafa samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, sbr. 2. tl. 70. gr. og 72. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Til þrautavara krefst hann þess, að sér verði greidd sama upphæð með sömu vöxtum sem forgangskrafa samkvæmt 2. mgr. 82. gr. laga nr. 3/1878. Jafnframt krefst hann, að 252.466,00 sænskar krónur verði viðurkenndar sem almenn krafa í þrotabúið að því frá dregnu, sem greiðist samkvæmt aðal-, vara- eða þrautavarakröfu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum 41.390,00 sænskum krónum samkvæmt fram lögðum reikningi Leifs Persons lögmanns, dags. 10. júní 1987.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Fallast má á það með héraðsdómara, að fyrir lok kröfulýsingarfrests hafi ekki borist aðrar kröfur í búið frá áfrýjanda en krafa um afhendingu véla-

samstæðu, sem reist var á eignarréttarfyrrvara. Verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum áfrýjanda, sem reistar eru á öðrum grunni.

Áfrýjandi seldi Tækjasölunni hf. hörpunarsamstæðu 7. september 1984. Aðilar eru sammála um, að hörpunarsamstæðan hafi verið seld með eignarréttarfyrrvara. Tækjasalan hf. seldi samstæðuna Króksverki hf. í sama mánuði. Viðurkennt er, að Tækjasalan hf. seldi Króksverki hf. umrædda samstæðu án eignarréttarfyrrvara eða annarra takmarkana á eignarrétti. Ósannað er, að fyrrsvarsmenn Króksverks hf. hafi vitað af eignarréttarfyrrvara áfrýjanda. Tækjasalan hf. rak umboðs- og heildverslun með tæki, varahluti og fleira, eins og kom fram í bréfhaus fyrirtækisins. Fyrirtækið hafði áður átt viðskipti við áfrýjanda. Þá hafði einn af fyrrsvarsmönnum áfrýjanda komið hingað til lands á vormánuðum 1985 vegna kvartana Króksverks hf. um galla á samstæðunni í þeim tilgangi að reyna að gera við hana. Áfrýjandi gat því ekki haldið til haga eignarréttarfyrrvara sínum gagnvart Króksverki hf., þegar Tækjasalan hf. var tekin til gjaldþrotaskipta 17. júlí 1985.

Tækjasalan hf. var skuldbundin til að virða eignarréttarfyrrvara áfrýjanda, þar til andvirði samstæðunnar væri að fullu greitt. Fyrrsvarsmönnum hennar bar því að gæta hans í samningum sínum við Króksverk hf. Ósannað er, að fyrrsvarsmenn áfrýjanda hafi vitað eða mátt vita, að það höfðu þeir ekki gert. Bústjóri þrotabús Tækjasölunnar hf. fékk 26. september 1985 skeyti frá áfrýjanda, þar sem tilkynnt var um riftun kaupa á samstæðunni á grundvelli eignarréttarfyrrvarans. Kröfulýsingarfresti lauk 30. sama mánaðar. Í raun þurfti ekki að lýsa þessari kröfu fyrir lok kröfulýsingarfrestsins. Eins og hér stóð á, verður að telja, að bústjóra hafi borið að skýra áfrýjanda strax frá því, hvernig komið var, og að tekin yrði afstaða til kröfunnar samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 6/1978. Áfrýjandi vissi, að gallar höfðu komið fram á hinu selda og að stefnda hafði áskilið sér allan rétt þessa vegna. Þá átti áfrýjandi þess kost að fylgjast með samningum bústjóra við Króksverk hf. um uppgjör viðskiptanna. Hann mótmælti því ekki, að uppgjör færi fram. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir áfrýjandi eiga rétt til fjárhæðar, sem kom í stað samstæðunnar, 600.000,00 íslenskra króna.

Tækjasalan hf. hafði greitt 100.000,00 sænskar krónur fyrir afhendingu samstæðunnar, en fengið 75.000,00 sænskar krónur greiddar frá Króksverki hf. við samningsgerð. Allt annað var ógreitt og fyrrgreind fjárhæð, 600.000,00 krónur, þannig aðgreind frá öðrum eignum Tækjasölnunnar hf. Þykir því mega, eins og atvikum var háttað, viðurkenna sértökurétt áfrýjanda til fjárhæðarinnar á grundvelli eignarréttarfyrirvarans. Af hálfu stefnda hefur ekki verið gerð varakrafa til lækunar á þeirri fjárhæð.

Vaxtakröfu áfrýjanda er ekki mótmælt sérstaklega, og er hún tekin til greina sem krafa utan skuldaraðar á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að stefnda greiði áfrýjanda 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Stefnda, þrotabú Tækjasölnunnar hf., greiði áfrýjanda, Tenhults Grusmaskiner AB, utan skuldaraðar 600.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. mars s.á., en 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda 200.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttur Reykjavíkur 20. október 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. október 1987, en meðferð þess endurupptekin og það að nýju tekið til úrskurðar í dag.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila, Tenhults Grusmaskiner AB, Tenhult, Svíþjóð, eru settar fram þannig:

1) aðallega, að þrotabú Tækjasölnunnar hf. greiði sóknaraðila beint utan skipta og skuldaraðar 600.000,00 kr. með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, til vara, að þrotabú Tækjasölnunnar hf. greiði sóknaraðila sem forgangskröfu skv. 3. tl. 82. gr. 1. nr. 3/1878, sbr. 2. gr. 1. nr. 32/1974, sbr. 69.-72.

gr. eða 43. gr. l. nr. 6/1978, 600.000,00 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu,

til þrautavara, að þrotabú Tækjasölunnar hf. greiði sóknaraðila sem forgangskröfu skv. 2. mgr. 83. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 3. gr. l. nr. 32/1974, 600.000,00 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu,

2) jafnframt, að þrotabú Tækjasölunnar hf. viðurkenni kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 252.466,00 sænskar krónur, að frá dregnu því, sem greiðist skv. 1. lið, sem almenna kröfu í þrotabúið.

3) Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa sóknaraðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 41.390,00 sænskum krónum skv. fram lögðum reikningi Leifs Persons, dags. 10. júní 1987, á dóm-skjali nr. 5.

Varnaraðili, þrotabú Tækjasölunnar hf., Reykjavík, krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, sem miðaður sé við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 17. júlí 1985, var bú Tækjasölunnar hf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs var Viðar Már Matthíasson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri til bráða-birgða að búinu.

Innköllun til skuldeightumanna var gefin út, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 30. júlí 1985. Lauk því fresti til að lýsa kröfum í búið 30. september 1985.

Á fyrsta skiptafundi í búinu, sem haldinn var 17. október 1985, var tekin til meðferðar skrá yfir lýstar kröfur í búið, svo sem auglýst hafði verið í innköllun, og fjallað um afstöðu bústjórans til þeirra. Er ekki getið um neina kröfu frá sóknaraðila á kröfuskránni og því engri afstöðu lýst þar, er varða viðskipti sóknaraðila við Tækjasöluna hf. Var Viðar Már Matthíasson héraðsdómslögmaður kosinn skiptastjóri þrotabúsins á nefndum skiptafundi.

Með auglýsingu, sem birtist í Lögbirtingablaði, er kom út 24. apríl 1987, var boðað til skiptafundar í búinu til þess að fjalla um frumvarp að útlutunargerð úr búinu, og skyldi fundurinn haldinn 8. maí 1987. Af hálfu sóknaraðila var sóttur skiptafundur þessi og frumvarpi skiptastjóra að útlutunargerð úr búinu mótmælt og þess krafist, að kröfur sóknaraðila yrðu teknar til greina, eins og þeim hefði verið lýst. Var rekstur ágreiningsmáls vegna þessarar kröfu ákveðinn á fundinum, og er það mál hér til úrlausnar.

Rétt þykir að reifa hér það, sem upplýst er um viðskipti sóknaraðila við Tækjasöluna hf. og máli þykir skipta við úrlausn máls þessa, áður en lýst verður málsástæðum aðila og lagarökum.

Tækjasalan hf. rak innflutningsverslun með ýmiss konar tæki, sem félagið keypti til endursölu. Hinn 7. september 1984 keypti Tækjasalan hf. vélasamstæðu af sóknaraðila, sem um var samið, að greiða skyldi með 337.900,00 sænskum krónum að með töldum vöxtum sem hér segir:

Við afhendingu samstæðunnar	SEK 100.000,00
9 mánuðum eftir afhendingu	SEK 79.900,00
12 mánuðum eftir afhendingu	SEK 158.000,00.

Óumdeilt er í málinu, að seljandi áskildi sér óskertan eignarrétt að hinni seldu vélasamstæðu, þar til allt kaupverð hennar hefði verið að fullu greitt, og féllst Tækjasalan hf. á þá skilmála, um leið og kaupin voru afráðin.

Vélasamstæðan var afgreidd til Tækjasölnunnar hf. í september 1984. Félagið hafði, áður en kaupin voru afráðin við sóknaraðila, fundið kaupanda að tækjum þessum, Króksverk hf. á Sauðárkróki, og var því félagi seld vélasamstæðan, án þess að getið væri að nokkru um eignarréttarfyrrvarann gagnvart sóknaraðila. Var söluverð samstæðunnar 604.225,00 sænskar krónur að með töldum vöxtum af þeim hluta söluverðsins, sem ekki var greiddur við samningsgerð. Greiddi kaupandi SEK 75.000,00 við samningsgerð, og átti að greiða eftirstöðvarnar sem hér segir:

10. júní 1985	SEK 100.000,00
10. september 1985	SEK 175.000,00
10. júní 1986	SEK 106.700,00
10. september 1986	SEK 147.525,00

Þegar bú Tækjasölnunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. júlí 1985, hafði kaupandi, Króksverk hf., ekki innt af hendi greiðslu þá, er var í gjald-daga 10. júní 1985. Taldi kaupandi vélina hafa verið verulega gallaða og hélt af þeim sökum eftir þessari greiðslu. Munu m.a. hafa komið hingað til lands viðgerðamenn frá hinum sænsku framleiðendum vélarinnar til að reyna að ráða bót á hinum ætluðu göllum, en allt að einu töldu kaupendur gallana hafa verið slíka, að tilraunir til úrbóta á þeim hefðu reynst haldlausar nema um mjög skamma hríð og tækið því engan veginn afkastað því, sem gert hefði verið ráð fyrir í viðskiptum aðila. Munu fyrrisvarsmenn Tækjasölnunnar hf. ekki hafa talið óeðlilegt, að kaupandi héldi umræddri greiðslu, meðan ekki fékkst bót ráðin á umræddum göllum, en reynt var að leysa málin með því að fá viðgerðamenn frá framleiðendum vélarinnar, svo sem áður segir.

Bústjóri þrotabúsins krafði Króksverk hf. um greiðslur á grundvelli fyrrgreinds samnings með bréfi, dagsettu 30. júlí 1985, og var það bréf ítrekað með nýju bréfi, dagsettu 21. ágúst 1985. Jafnframt ritaði bústjórinn sóknaraðila bréf 29. ágúst 1985. Er þess þar getið, að bréfið sé ritað vegna þrotabús Tækjasölunnar hf. vegna viðskipta aðilanna varðandi vélasamstæðu þá, sem mál þetta snýst um. Í bréfi þessu er gerð grein fyrir því, að „den nuværende ejer“, Króksverk hf., hafi neitað að inna af hendi um samdar greiðslur vegna galla á hinu selda. Gerði bústjóri fyrirvara gagnvart sóknaraðila um riftun og bótakröfur af hálfu búsins vegna gallanna.

Með bréfi, dagsettu 2. september 1985, tilkynnti bústjóri sóknaraðila sérstaklega um, að bú Tækjasölunnar hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta og að frestur til að lýsa kröfum í búið rynni út 30. september 1985.

Með telexskeyti, sem barst bústjóra 26. september 1985, lýsir sóknaraðili yfir, að hann rifti kaupum á vélasamstæðunni, sem gerð hafi verið 7. september 1984. Jafnframt er þar áréttað, að samstæðan sé eign sóknaraðila samkvæmt eignarréttarfyrirvara og eigi að afhenda honum hana til ráðstöfunar.

Sóknaraðili ritaði bústjóra þrotabúsins bréf, sem dagsett er 26. september 1985. Er þar vísað til tilkynningar bústjórans um gjaldþrotaskiptin. Er þar áréttuð krafan um afhendingu vélasamstæðunnar og auk þess lýst kröfum samkvæmt fjórum reikningum, samtals að fjárhæð SEK 14.566,80, og gerð krafa um 20% vexti til greiðsludags. Í greinargerð bústjóra á dskj. nr. 6 er því haldið fram, að honum hafi ekki borist bréf þetta fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests í búið.

Í skrá yfir lýstar kröfur í búið er ekki getið neinnar kröfu frá sóknaraðila máls þessa.

Af hálfu þrotabúsins var þess freistað að fá Króksverk hf. til að greiða eftirstöðvar um samins söluverðs tækjanna til búsins, en það félag bar við ýmsum mótbárum vegna galla á hinu selda. Eftir alllangt samningabóf um þessar kröfur gerði lögmaður Króksverks hf. þrotabúinu tvenns konar tilboð um lausn á málinu, annars vegar, að Króksverk hf. greiddi þrotabúinu 5-600 þúsund krónur sem fullnaðargreiðslu og báðir aðilar lýstu yfir, að hvorugur ætti frekari kröfur á hendur hinum, — hins vegar, að kaupin gengju til baka og eignarréttur á vélinni færðist til þrotabúsins og aðilar lýstu því yfir, að hvorugur ætti kröfur á hendur hinum vegna þessara viðskipta.

Meðan á þessum viðskiptum stóð, skrifaði skiptastjóri þrotabúsins bæði sóknaraðila beint og einnig lögmanni hans hér á landi bréf og skýrði sjónarmið sín varðandi kröfur sóknaraðila um afhendingu vélasamstæðunnar. Kemur fram í bréfum þessum, að skiptastjóri taldi kröfu sóknaraðila um

afhendingu vélasamstæðunnar óframkvæmanlega og gerði rækilega grein fyrir því, að hann féllist ekki á þá kröfu.

Skiptastjóri þrotabúsins ákvað að ganga til samninga við Króksverk hf. á grundvelli tilboðs um fullnaðargreiðslu á kröfu þrotabúsins, að fjárhæð 600.000,00 kr. Tilkynnti skiptastjóri lögmanni sóknaraðila þessa fyrirætlan sína. Var sóknaraðili tilkynnt um þessa fyrirætlan, en ekki verður séð, að sóknaraðili hafi komið á framfæri neinni athugasemd við henni. Var gengið frá þessu uppgjöri 4. apríl 1987.

Í frumvarpi að úthlutunargerð úr búinu, sem tekið var til umfjöllunar á skiptafundi í búinu 8. maí 1987, er ekki gert ráð fyrir úthlutun til sóknaraðila. Í skýrslu skiptastjórans, sem fylgir frumvarpinu, er gerð nokkur grein fyrir viðskiptum aðilanna og ástæðum þess, að hann telji sóknaraðila ekki eiga rétt til greiðslu úr búinu.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvernig beri að úthluta því fé, sem búið fékk greitt frá Króksverki hf. fyrir vélasamstæðuna, svo og, hvort sóknaraðili eigi rétt á úthlutun upp í aðrar kröfur sínar á hendur Tækjasölunni hf., sem ekki voru teknar upp í kröfuskra bústjóra þrotabúsins.

IV.

Af hálfu sóknaraðila eru kröfur á því reistar, að fyrir lok kröfulýsingarfrests í þrotabú Tækjasölunnar hf. hafi borist frá sér kröfulýsing, og sé því út af fyrir sig ekki mótmælt af hálfu varnaraðila. Krafan hafi verið um afhendingu umræddrar vélasamstæðu, svo sem eðlilegt hafi verið, þar sem hann hafi selt samstæðuna með eignarréttarfyrirvara. Augljóst sé af 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga, að skiptastjóra hafi borið skylda til að tilkynna sóknaraðila það sérstaklega, ef hann teldi, að ekki bæri að viðurkenna kröfunu í þessu formi, og gera þá skýra grein fyrir ástæðum þess og vekja athygli sóknaraðila á því, hvenær skiptafundur yrði haldinn í búinu. Þetta hafi skiptastjóri þrotabúsins ekki gert, en þess í stað sent sóknaraðila óglögg bréf og hann því ekkert vitað, hvaðan á sig stóð veðrið eða „hvað var að gerast hér uppi á Íslandi“, eins og segir í greinargerð hans. Fyrir vikið hafi öll bréfaskipti aðilanna byggst á misskilningi, sem ekki hafi skýrst fyrr en skiptastjóri loks tilkynnti með bréfi, dagsettu 14. apríl 1987, um „lokafyrirtökudag í þrotabúinu“ (tilvitnun í greinargerð sóknaraðila) 8. maí 1987. Það bréf út af fyrir sig fullnægi ekki ákvæðum 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga, en sóknaraðili hafi sótt þann fund með kröfur sínar. Séu kröfurnar „nægilega fram komnar“, enda hafi sóknaraðila aldrei áður verið tilkynntur skiptafundur til að taka afstöðu til kröfunnar samkv. 3. tölul. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Sóknaraðili heldur því fram, að skiptastjóri þrotabúsins hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart sóknaraðila, sem sé erlendur viðskipta-

maður Tækjasölunnar hf. og þekki því ekki til reglna á þessu sviði hér á landi. Þessari skyldu sinni hafi skiptastjóri ekki sinnt, heldur og beinlínis farið rangt með. Þannig láti skiptastjóri í bréfi til lögmanns sóknaraðila þess ógetið, að samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga sé skiptaráðanda heimilt að hleypa að kröfu, sem ella var of seint fram komin, og einnig að halda sérstakan fund um slíka kröfu. Telur sóknaraðili, að ágreiningsmál þetta hefði aldrei þurft að koma til, ef skiptastjóri þrotabúsins hefði frá upphafi „höndlað mál þetta eins og vera ber“.

Sóknaraðili telur, að kröfulýsing 8. maí 1987 hafi í raun verið óþörf, en þó verið gerð til öryggis, ef „íslenskt réttarfar skyldi vera að sigla inn á þær villigötur, sem afstaða skiptastjóra ber vott um“. Skiptastjóra hafi ekki getað dulist, að sóknaraðili ætlaði allan tímann að standa fast á kröfu sinni, og honum hafi mátt vera það ljóst frá öndverðu, að sóknaraðili héldi fast við kröfu sína um eftirstöðvar kaupverðs vélanna, ef ekki væri hægt að fá vélasamstæðuna sjálfa afhenta.

Sóknaraðili rökstyður mál sitt enn fremur með því, að krafa sóknaraðila sé óháð kröfulýsingu í búið, þar eð hún varði andvirði vélar, sem hafi átt að vera utan skipta. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til reglna 69.-72. gr. gjaldþrotalaga.

Aðalkrafa 1. töluliðar kröfugerðar sóknaraðila í málinu er á því reist, að hann eigi tilkall til þess fjár, sem þrotabúið hafi fengið með samningum við Króksverk hf. fyrir vélasamstæðu þá, er í málinu greinir. Þessir fjármunir séu eign sóknaraðila, þar sem um sé að ræða andvirði eignar, sem sóknaraðili hafi átt, og beri því að greiða sóknaraðila þá án tillits til skipta-meðferðar þrotabús Tækjasölunnar hf. að öðru leyti.

Varakrafa 1. töluliðar sóknaraðila er á því reist, að krafa hans njóti forgangsréttar samkvæmt 3. tölulið 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878. Hér sé um að ræða fé, sem réttur hafi stofnast til eftir upphaf skipta með samningi, sem gerður hafi verið af þrotabúinu, og sé sóknaraðili raunverulegur eigandi fjárins. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á reglur 69.-72. gr. og 43. gr. gjaldþrotalaga, en þessi ákvæði mæli fyrir um, að komi í ljós, að hlutur hafi verið seldur sem eign þrotabús og hann reynist síðan hafa verið eign annars aðila, og eigi þá sá, er raunverulega átti hlutinn, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar.

Þrautavarakrafa í 1. lið kröfugerðar sóknaraðila er á því reist, að réttur sóknaraðila til andvirðis vélasamstæðunnar sé tryggingarréttindi, sem falli undir ákvæði 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1878.

2. töluliður kröfugerðar sóknaraðila byggist á því, að Tækjasalan hf. hafi skuldað sóknaraðila 252.466,00 sænskar krónur og að við úthlutun úr búinu beri að úthluta upp í þá fjárhæð, að fráðreginni þeirri fjárhæð, sem fáiast greidd samkvæmt 1. tölulið kröfugerðar sóknaraðila, sem almenna kröfu.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að sóknaraðili hafi verið búinn að fyrirgera eignarréttarfyrirvara sínum gagnvart Tækjasölunni hf. vegna tómlætis. Fyrirsvarsmönnum sóknaraðila hafi verið það ljóst frá öndverðu, að Tækjasalan hf. keypti umrædda vélasamstæðu til að selja hana aftur, enda hafi Tækjasalan hf. aldrei verið verktaki á neinu sviði. Telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi frá öndverðu vitað, að Tækjasalan hf. hafi selt Króksverki hf. umrædda vélasamstæðu án þess að geta um það, að tækin væru háð eignarrétti sóknaraðila eða annarra, og hafi sóknaraðili aldrei aðhafst neitt af þeim sökum fyrr en með kröfugerð sinni á hendur þrotabúinu. Þannig hafi sóknaraðili aldrei gert þá kröfu á hendur Tækjasölunni hf., að hún gerði ráðstafanir vegna eignarréttarfyrirvarans gagnvart Króksverki hf., en óumdeilt sé í málinu, að Króksverk hf. hafi verið í góðri trú um heimild Tækjasölnnar hf. til að selja vélina.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að með því að Tækjasalan hf. hafi selt umrædd tæki, hafi sóknaraðili aðeins átt almenna kröfu í þrotabú félagsins, sem nemi eftirstöðvum söluverðsins, en eignarréttarfyrirvarinn geti undir engum kringumstæðum talist ná til verðmæta, sem komið hafi í stað þeirra véla, sem hann náði til. Sóknaraðili hafi ekki fyrr en undir rekstri máls þessa lýst fjárkröfum í búið vegna ógreidds hluta söluverðs vélanna, og komi því ekki til álita að úthluta upp í slíka kröfu úr þrotabúinu.

Varnaraðili rökstyður mál sitt enn fremur með því, að gallar á hinni umdeildu vélasamstæðu hafi reynst slíkir, að tjón þrotabúsins vegna þeirra sé að minnsta kosti svo mikið, að nemi 300.000,00 sænskum krónum. Í greinargerð varnaraðila er áskilinn allur réttur til þess að krefja sóknaraðila um fjárhæð þessa, og er henni „jafnframt hér haldið fram til skuldajafnaðar, ef svo ólíklega skyldi fara, að sóknaraðili fengi einhverjar fjárkröfur viðurkenndar á hendur þrotabúinu“, segir í greinargerðinni.

Þá heldur varnaraðili því enn fremur fram, að sóknaraðili hafi engum öðrum fjárkröfum lýst í bú varnaraðila. Aðeins hafi verið gerðar, gegn betri vitund, kröfur um afhendingu hluta, sem sóknaraðila hafi verið ljóst, að fyrir löngu var búið að selja og því eign annars aðila. Krafa sóknaraðila um SEK 14.566,80 hafi borist eftir lok kröfulýsingarfrests í búið og komi því ekki til álita við úthlutun úr búinu. Þar sé enn fremur um að ræða efnislega rangar kröfur, og er því mótmælt, að sóknaraðili hafi átt kröfur þær á hendur búinu, sem hann haldi fram í þessu sambandi.

Loks heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili eigi engar sjálfstæðar kröfur vegna samkomulags varnaraðila við Króksverk hf. um uppgjör. Tekur hann fram í því sambandi, að sóknaraðila hafi sérstaklega verið gefinn kostur á því að tjá sig um uppgjörið, og hafi hann ekki notfært sér

það. Hafi sóknaraðili þannig fallist á, að uppgjörið færi fram með þeim hætti, sem gert var.

VI.

Hér fyrir dómi hafa gefið munnlegar skýrslur í máli þessu Helmuth Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Tækjasölunnar hf., Björn Ólafsson, sem var sölustjóri félagsins, Eyjólfur Ingi Friðbjörnsson, framkvæmdastjóri Króksverks hf., og Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Í 87. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eru fyrimæli um, að gjaldþrotaskipti skuli auglýst tafarlaust og boðað til skiptafundar á tilteknum stað og stundu innan mánaðar frá lokum kröfúlýsingarfrests. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir, að senda skuli afrit auglýsingarinnar þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfúlýsingar. Bústjóri þrotabúsins tilkynnti sóknaraðila um gjaldþrotaskiptin með bréfi, dagsettu 2. september 1985, og er þess getið í þeirri tilkynningu, hvert kröfur skuli sendar og að frestur til að lýsa kröfum í búið renni út 30. sama mánaðar. Raunar hafði bústjórinn nokkrum dögum áður skrifað sóknaraðila bréf vegna búsins, en ekki er þar getið um kröfúlýsingarfrest.

Telja verður, að sóknaraðili hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um töku bús Tækjasölunnar hf. til gjaldþrotaskipta með nægilegum fyrirvara, til þess að hann gæti sett fram kröfur sínar í tæka tíð fyrir lok kröfúlýsingarfrests. Fyrir lok kröfúlýsingarfrests barst frá honum krafa um afhendingu vélasamstæðu þeirrar, sem í máli þessu greinir, en engin krafa annars efnis.

Bústjóri þrotabúsins tók ekki inn á kröfuskrá þrotabúsins þá kröfu sóknaraðila, sem borist hafði fyrir lok kröfúlýsingarfrests. Var það enda óþarfi, þar sem krafan laut að réttindum, sem eru samkvæmt ákvæðum 69. og 70. gr. gjaldþrotalaga óháð kröfúlýsingarfresti, og ekki er ráðgert, að slíkar kröfur séu teknar á kröfuskrá samkvæmt 108. gr. laganna.

Með bréfi, dagsettu 29. ágúst 1985, vakti bústjóri á því sérstaka athygli við sóknaraðila, að „núverandi eigandi“ vélasamstæðunnar hefði sett fram kröfur vegna alvarlegra galla á hinu selda og að búið gerði samsvarandi kröfur gagnvart sóknaraðila af því tilefni. Sóknaraðili hafði af þessu tilefni ærna ástæðu til þess að ætla, að þrotabúið gæti ekki afhent umrædda vélasamstæðu vegna samninga, er Tækjasalan hf. hafði gert við Króksverk hf. Var af þeim sökum enn gildari ástæða fyrir sóknaraðila að gera fyrir lok kröfúlýsingarfrests í búið rækilega grein fyrir kröfum sínum með kröfúlýsingu, ef hann hugðist láta reyna á önnur úrræði gagnvart þrotabúinu en þau, er beinlínis lutu að eignarréttarfyrirvaranum, þ. á m. um rétt sinn til ógreidds hluta hins umsamda verðs fyrir vélarnar.

Sóknaraðili telur fjárkröfur sínar á hendur Tækjasölunni hf. hafa numið

252.466,00 sænskum krónum við upphaf skiptameðferðar þrotabúsins. Þar af séu eftirstöðvar samkvæmt kaupsamningi um vélasamstæðu þá, er í málínu greinir, 237.900,00 sænskar krónur, en skuld félagsins vegna annarra viðskipta við sóknaraðila hafi numið 14.566,00 sænskum krónum.

Þar sem kröfúlýsing barst ekki frá sóknaraðila fyrir lok kröfúlýsingarfrests um annað en afhendingu vélasamstæðunnar, verður að telja, að sú krafa hans, að mismunur þess, sem hann kunni að fá greitt utan skuldaraðar úr búinu á grundvelli aðalkröfu hans samkvæmt kröfulið nr. 1, og þess fjár, sem Tækjasalan hf. hafi skuldað sóknaraðila, sé of seint fram komin, og verður að hafna henni þegar af þeirri ástæðu. Eru því ekki efni til að fjalla um það frekar í úrskurði þessum, hvort búið hefði átt rétt til skuldajafnaðar gegn slíkri kröfu vegna meintra galla á hinu selda, svo sem varnaraðili hefur haldið fram, eða til að fjalla um réttmæti kröfu vegna ætlaðrar viðskiptaskuldar, sem varnaraðili hefur mótmælt sérstaklega.

Stendur þá eftir af ágreiningsefni máls þessa það álítaefni, hvort réttarstaða sóknaraðila sé slík samkvæmt þeim réttarheimildum, sem hann vísar til, að hann eigi tilkall til þeirra verðmæta, sem í búið hafa runnið á grundvelli samnings þrotabúsins við Króksverk hf., en krafa hans þar að lútandi er óháð kröfúlýsingarfresti, svo sem rakið var.

Svo sem rakið hefur verið, var vélasamstæða sú, sem kröfugerð sóknaraðila varðar, ekki í vörslum Tækjasölunnar hf., er bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta. Í hennar stað var komin fjárkrafa á hendur Króksverki hf. Engin þeirra réttarheimilda, sem sóknaraðili styður kröfur sínar við, leiðir til þeirrar niðurstöðu, að eignarréttarfyrrvari sóknaraðila gagnvart Tækjasölunni hf. yfirfærir á þá fjárkröfu. Þar sem eign sú, sem sóknaraðili gerði tilkall til á grundvelli eignarréttarfyrrvarans, var ekki til í búinu, gat sóknaraðili ekki átt annað en almenna fjárkröfu á hendur þrotabúi Tækjasölunnar hf., sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 1987 í máli nr. 227/1986. Verður því að hafna aðalkröfu 1. töluliðar í kröfugerð sóknaraðila, og kemur því ekki frekar til athugunar, hvort eignarréttarfyrrvarinn gagnvart Tækjasölunni hf. hafi verið fallinn niður vegna tómlætis, svo sem varnaraðili hefur haldið fram.

Varakrafa 1. töluliðar í kröfugerð sóknaraðila stafar af því, að sóknaraðili eigi svokallaðan forgangsrétt til fjárlins á grundvelli 3. tölul. 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, sbr. 69.-72. gr. eða 43. gr. gjaldþrotalaga. Ákvæði 69.-72. gr. gjaldþrotalaga eru öll í IX. kafla laganna, sem fjallar um fullnustu sérstakra réttinda. Í þessum greinum öllum er fjallað um rétt kröfuhafa í tilvikum, þar sem eignum hefur verið ráðstafað í bága við réttindi kröfuhafa yfir eignunum, ýmist með eða án vitundar bústjórnar um viðkomandi réttindi kröfuhafans. Svo sem rakið hefur verið, er ekki á það fallist með sóknaraðila, að hann hafi átt þau réttindi yfir þeirri fjárkröfu,

sem þrotabú Tækjasölunnar hf. átti við upphaf skipta á hendur Króksverki hf., að sóknaraðili geti talist sértökumaður á grundvelli þeirra réttinda við skiptin. Verða þessi ákvæði gjaldþrotalaganna því ekki heldur talin eiga við um kröfur hans. Ákvæði 43. gr. gjaldþrotalaga fjallar um réttarstöðuna, sem leiðir af því, að þrotabú ákveði að taka við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi. Um þá aðstöðu er ekki að ræða í þessu sambandi, og getur það ákvæði því ekki komið til álita. Ákvæði 3. töluliðar 82. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, fjallar um forgangsrétt vegna krafna, sem stofnast hafa eftir upphaf skipta með samningum, sem gerðir eru af þeim, sem fara með skipti bús. Að frá talinni sérreglu 2. mgr. 70. gr. gjaldþrotalaganna, sem á ekki við hér samkvæmt framansögðu, geta aðeins þeir átt rétt til greiðslu á grundvelli þessa ákvæðis skiptalaganna, sem gert hafa samninga við fyrirsvarsmenn bús. Sú krafa sóknaraðila, sem hér er til úrlausnar, styðst ekki við slíkan samning og verður af þeirri ástæðu ekki sinnt.

Þrautavarakrafa í 1. tölulið kröfugerðar sóknaraðila um greiðslu á grundvelli 2. mgr. 83. gr. skiptalaga byggist á því, að sóknaraðili hafi átt tryggingarréttindi í hinu selda og eigi á grundvelli þeirra að fá hina um kröfðu fjárhæð greidda sem „forgangskröfu“. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu sóknaraðila, að hann hafi átt nein þau tryggingarréttindi, er nái til kröfu búsins á hendur Króksverki hf. Verður þessi krafa því ekki heldur tekin til greina.

Svo sem rakið hefur verið, er öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu hafnað. Samkvæmt því og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður ekki hjá því komist að leggja á sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 140.000,00 krónur.

Það athugast, að lögmaður sóknaraðila máls þessa hefur lagt fram í málinu verulegan fjölda skjala á erlendu tungumáli, án þess að þeim fylgi þýðing á íslensku, og er þetta andstætt ákvæðum 40. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Mörg þessara skjala hafa að geyma skriflegan málflutning, auk þess sem önnur eru ljósrit upp úr erlendum fræðiritum. Í stað þess að vinna það upp úr gögnum þessum, er hann teldi nýtilegt við að koma málstað skjólstaðings síns til skila, hefur hann kosið að leggja öll þessi gögn fram. Þá hefur lögmaður sóknaraðila í greinargerð sinni í málinu vísað til svokallaðrar greinargerðar sænsks lögmanns með þeim ummælum, að sú greinargerð skuli skoðast sem „hluti af greinargerð þessari“. Enda þótt lögð hafi verið fram þýðing þessarar sænsku greinargerðar, er framlagning þessara gagna andstæð ákvæðum 105. gr., sbr. 111. gr., sömu laga. Verður að átelja lögmann sóknaraðila, Skúla Fjeldsted héraðsdómslögmann, harðlega fyrir þessi vinnubrögð, en ekki þykir alveg næg ástæða til að beita sektum vegna þessa.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu, Tenhults Grusmaskiner AB, er öllum hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Tækjasölunnar hf., 140.000,00 kr. í málskostnað innan 14 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.
